



FÉLAG UM FORELDRAJAFNRÉTTI
BARN Á RÉTT Á BÁÐUM FORELDRUM

Skýrsla stjórnar

Aðalfundur 4. júní 2019

Um félagið

Félagið var stofnað 10. september 1997 og hét þá Félag ábyrgra feðra en nafninu var breytt á aðalfundi 4. október 2007 í Félag um foreldrafnarétti sem ásamt undirtitli gefur til kynna að baráttumál félagsins snúist fyrst og fremst um rétt barna til mikilla samvasta við báða foreldra sína óháð fjölskyldugerð.

Félagið er mannréttindafélag sem stendur fyrir rétti barna til beggja foreldra sinna og jöfnum rétti foreldra til að sinna foreldrahlutverki sínu óháð fjölskyldugerð. Félagið vill stuðla að málefnalegri og upplýstri umræðu um stöðu barna og foreldra, á þann hátt að löggjafinn, framkvæmda- og dómvaldið tryggi börnum að sú meginregla Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns sé virt að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn og koma því til þroska.

Félagsaðild er opin öllum einstaklingum. Til þess að gerast félagi þarf að skrá sig á heimasíðu félagsins og greiða uppsett félagsgjald. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Stjórn félagsins setur sér siðareglur, brjóti menn þær getur 2/3 stjórnarmanna vikið viðkomandi úr stjórn. Óski viðkomandi eftir því að slík ákvörðun verði lögð fyrir félagsfund skal verða við því svo fljótt sem hægt er, einfaldur meirihluti dugur þá til að staðfesta ákvörðun stjórnar.

Fulltrúaráð mun taka virkan þátt í starfi félagsins og vera stjórn félagsins til aðstoðar. Stjórn getur skipað viðbótar fulltrúum í eða vísað fulltrúum úr fulltrúaráði á stjórnarfundi.

Síðasti aðalfundur

Síðasti aðalfundur félagsins var haldinn í Árskógum 4 þann 5. desember 2018. Fundardagskrá var í samræmi við samþykktir félagsins. Engar lagabreytingar voru lagðar fram. Félagsgjöld voru hækkuð úr kr. 2.000,- í kr. 3.500,-.

Í stjórn félagsins voru kjörnir Heimir Hilmarsson, Guðný S. Bjarnadóttir, Karvel Aðalsteinn Jónsson, Unnur Þorsteinsdóttir, Dofri Hermannsson og Júlíana Elín Kjartansdóttir og Rúnar Gregory Muccio til vara. Sveinn Reynisson var endurkjörin endurskoðandi félagsins og þá voru fjórir félagsmenn skipaðir í fulltrúaráð.

Jafnréttisráð

Félagið á fulltrúa í Jafnréttisráði. Fyrir hönd félagsins er Hróðmar Dofri Hermannsson og til vara er Guðný S. Bjarnadóttir.

Alþjóðasamstarf

Félagið hefur átt fulltrúa í stjórn [Platform for European Fathers](#) PEF frá stofnun þess árið 2011. Á þeim vettvangi hefur félagið hefur félagið átt hagsmunaaðild að [Families and Societise](#), sem er rannsóknar verkefni styrkt af Evrópusambandinu. Heimir Hilmarsson, félagsráðgjafi og formaður félagsins er félagi í [International Council on Shared Parenting](#) ICSP, sem eru alþjóðasamtökt ræðimanna, sérfræðinga og áhugamanna um skipta búsetu barna. Síðasta ráðstefna ICSP var haldin í [Strasbourg 2018](#) undir heitinu félagslegt réttlæti og réttur barna og komnar eru dagsetningar á tvær væntanlegar ráðstefnur, [Malaga á Spáni 2.-3. desember 2019](#) í samstarfi við School of Law of Malaga og fimmta alþjóðlega ráðstefnan um sameiginlegt uppeldi verður haldin í [British Columbia háskólanum í Vancouver í Kanada 29. maí – 1. júní 2020](#). Þá hefur félagið verið í sambandi við [Parental Alienation Study Group](#) PASG og er Dofri Hermannsson þar félagi. PASG er alþjóðlegt félag sem hefur um 500 meðlimi, aðallega fræðimenn á sviði geðheilsu og lögfræði frá 52 löndum. Markmið PASG er að fræða almenning og fagfólk um foreldraútilokun (Parental

Alienation). Þriðja alþjóðlega ráðstefna PASG verður haldin dagana [12. – 14. september 2019 í Pennsylvania](#) í Bandaríkjunum. Þá hefur félagið verið í samstarfi við sambærileg félög á Norðurlöndunum undir nafninu Nordic Equality Council þar eru haldnir mánaðarlegir fjarfundir þar sem koma saman aðilar frá Foreldrajafrétti (Ísland), Forengingen Far (Danmörk), Mannsforum (Noregur) og Pappabarn (Svíþjóð) og þá erum við í sambandi við tvö félög í Finnlandi um að taka þátt.

Alþjóðlegt samstarf fræðimanna, sérfræðinga og hagsmunaaðila um sameiginlegt uppeldi barna og foreldraútilokun er mikilvægt. Það er ánægjulegt að geta sagt frá því að Alþjóða heilbrigðisstofnunin WHO hefur nú, [25. maí 2019](#), samþykkt [11. útgáfu á alþjóðlegu flokkunarkerfi sjúkdóma](#) (e. International classification of diseases ICD-11) þar sem foreldraútilokun hefur flokkunarkóðann: [QE52.0 Caregiver-child relationship problem](#). Þá er einnig mikilvægt að eiga í samstarfi við svipuð félög á Norðurlöndum þar sem stjórnvöld á Norðurlöndum líta gjarnan hvors til annars með breytingar á sífjalöggjöf. Í því sambandi má nefna að ríkisstjórn Finnlands hefur til meðferðar [frumvarp sem gerir börnum kleift að eiga tvö](#) jafnréttá heimili sem að einhverju leiti virðist sótt til breytinga í þá áttina hjá Danmörku í apríl síðastliðinn.

Starfsemi félagsins frá síðasta aðalfundi

Síðasti aðalfundur var haldinn mun síðar en gert var ráð fyrir og nú er aðalfundur félagsins óvenju snemma þannig að einungis sex mánuðir eru á milli aðalfunda. Stjórnin hefur fylgst með málum á Alþingi og skrifað [umsögn](#) við [frumvarpsdrög](#) á Samráðsgáttinni sem liggja í Dómsmálaráðuneytinu um skipta búsetu og meðlag. Skipt búseta, þrátt fyrir að vera ekki möguleg samkvæmt íslenskri löggjöf, er hvergi í heiminum eins algeng, viðurkennd og sjálfsögð og á Íslandi. Foreldrar eru almennt að framfæra börn sín með beinum hætti á tveimur heimilum barns. Löggjafinn hefur átt í vandræðum með að viðurkenna þessa staðreynd og því hafa foreldrar farið á svig við löginn með ýmsum hætti til að gera sér kleift að setja börn sín í forgang og skapa þeim rými til að eiga í góðum tengslum við báða foreldra sína á báðum heimilum sínum. Þrátt fyrir ákvæði í barnalögum um að ekki megi ákvarða lægra meðlag en sem nemur einföldum barnalífeyri, þá hefur foreldrum stór fjölgað ár eftir ár sem fara framhjá kerfinu og innheimta ekki meðlag af hinu foreldrinu. Þá hefur það færst mikið í vöxt að foreldrar sem eiga fleiri en eitt barn saman deili lögheimilum barnanna á milli heimila til að jafna stöðu heimilanna. Þá þekktist það einnig að foreldrar hafa fært lögheimili barns á milli heimila reglulega til þess að leita eftir þessu jafnvægi.

Í frumvarpsdrögum þeim sem liggja í Dómsmálaráðuneytinu eru lagðar til viðamiklar breytingar á barnalögum sem hafa verulega neikvæð áhrif á foreldra sem ekki deila lögheimili með börnum sínum og börn þeirra, þá er lögheimilisforeldri veitt ótakmarkað vald til að kippa fjárhagslegu öryggi undan samstarfsfúsu foreldri sem ekki deilir lögheimili með barni sínu.

Félagið heldur úti heimasíðu og Facebook síðu en Facebook síðan er í mikilli notkun og félagið birtir reglulega greinar og fréttir af málaflokknum. Mikil birting náðist á greinum sem birtar voru í kringum 25. apríl síðastliðinn, sem er alþjóðlegur dagur um vitundarvakningu á foreldraútilokun (e. parental alienation).

Félagið heldur úti neyðarsímanum 691-8644 þar sem fólk getur hringt inn og fengið ráðgjöf varðandi forsjár, lögheimilis- og umgengnismál. Langstærstur hluti þeirra sem hringja eru foreldrar og aðstandendur sem eru í vandræðum vegna umgengistálmana, en einnig hringir fólk til að fá upplýsingar um leiðir sem færar eru almennt hvað varðar forsjá, búsetu, umgengni og meðlagsmál. Að venju fékk félagið í hverri viku nokkurn fjölda af fyrirspurnum og óskum um ráðleggingar í gegnum síma, á Facebook og í tölvupósti.

Baráttumál félagsins í „Hvers vegna?“, bæklingi frá árinu 2009

Í bæklingi, „Hvers vegna“, sem félagið gaf út í mars 2009 setti félagið fram tíu stefnumál félagsins. Af þessum stefnumál félagsins hafa eftirtalin fimm náð fram að ganga:

- Öll sjálfvirk forsjá sambúðaraðila eða maka falli niður.
- Dómarar fái heimild til að dæma sameiginlega forsjá.
- Forsjárlausir foreldrar fái aðgang að skriflegum upplýsingum.
- Dómarar fái heimild til að dæma umgengni í allt að 7 daga af 14.
- Karl mönnum verði heimilt að höfða faðernismál.

Þau fimm stefnumál félagsins frá árinu 2009 sem enn hafa ekki komið til framkvæmda eru:

- Umgengnismál verði hluti af dómskerfinu.
- Kostnaður við umgengni verði sameiginlegur.
- Tvöfalt lögheimili barns gert valkvætt.
- Takmörkun á lögheimilisflutningi barns sem hefur umgengni.
- Hert verði á refsingum og meðferð umgengnistálmana.

Félagið áformar að gefa út bækling á næsta starfsári þar sem koma fram tíu stefnumál félagsins

Þrjú forgangsmál félagsins

Stjórn félagsins lagði til á vormánuðum 2018 að félagið myndi einbeita sér að þremur forgangsmálum.

Framfærsluskyldur

Framfærsluskyldur og opinber stuðningur við foreldra verði samræmdur án tillits til lögheimilisráningar barns.

Mál sem tengjast baráttu fyrir samræmdri framfærsluskyldu foreldra:

- Jöfn búseta barns á tveimur heimilum meginregla þegar foreldrar búa ekki saman.
- Sameiginleg forsjá verði meginregla óháð sambúðarstöðu foreldra frá fæðingu barns.
- Umgengnistálmanir

Stjórnvöld komi í veg fyrir tilhæfulausar umgengnistálmanir án tafar.

Mál sem tengjast baráttu gegn tilefnislausum umgengnistálmunum:

- Að flýtimeðferð eigi við í umgengnis-, lögheimilis-, og forsjármálum þegar barn er lítið sem ekkert í samvistum við annað foreldrið vegna ágreinings foreldra.
- Að samþykki beggja forsjáforeldra þurfi fyrir flutningi á lögheimili barns úr einu skólahverfi í annað.
- Að borin verði kennsl á foreldraútilokun sem ofbeldi á barni og ofbeldi í nánnum samböndum sem beinist gegn foreldri og bitni á barni.
- Að tekið verði mið foreldraútilokun við meðferð dóms- og úrskurðarmála og viðurkennt að sú hegðun stríði gegn hagsmunum barns.
- Að foreldrar njóti jafnræðis í hvívetna við meðferð ágreiningsmála hvað varðar börn þeirra.
- Að úrræðum og fjármagni verði veitt í eftirfylgni með erfiðum forsjár- og umgengnismálum og leyfi inngrip séu samningar eða úrskurðir ekki virtir.

Jöfn búseta

Foreldrum verði heimilt að semja um að barn hafi lögheimili á báðum heimilum og að jöfn búseta barns á tveimur heimilum meginregla þegar foreldrar búa ekki saman.

Mál sem tengjast baráttu fyrir jafnri búsetu sem meginreglu:

- Framfærsluskyldur og opinber stuðningur við foreldra verði samræmdur án tillits til lögheimilisskráningar barns.
- Sameiginleg forsjá verði meginregla óháð sambúðarstöðu foreldra frá fæðingu barns.

Að lokum

Með málefnalegri umfjöllun í samfélaginu og meiri þekkingu eykst skilningur á málefnum foreldrajafréttis. Þá má ekki gleyma því að tilkoma sérstaks réttar feðra til töku fæðingarorlofs hefur að öllum líkindum skilað því að feður hafa tekið meiri þátt í uppeldi barna allt frá fæðingu síðustu 18 árin en þeir gerðu fyrir þann tíma. Það skilar sér í því að foreldrar sjá það meira sem sjálfsagðan hlut í dag að foreldrar beri jafna ábyrgð á börnum sínum, jafnvel þó samband foreldranna haldi ekki út og leiðir þeirra skilji. Þegar foreldrar skilja í dag, þá þykir það sjálfsagður hlutur að báðir foreldrar verði virkir þátttakendur í uppeldi og umönnun barns.

Foreldrar eru áratugum á undan löggjafanum í samvinnu um foreldrahlutverkið. Það er kominn tími á að löggjafinn gangi út frá því að foreldrar séu hæfir til þess að sinna uppeldinu saman óháð fyrirkomulagi á búsetu eða hjúskap rétt eins og löggjafinn gerir ráð fyrir því að nýbökðu móðir geti farið heim með nýfætt barns og alið það upp. Það er eins kominn tími til að löggjafinn gangi út frá því að feður séu jafnhæfir og mæður við fæðingu barns óháð sambúðarstöðu foreldra. Við höfum kerfi eins og barnavernd til þess að grípa inn í þegar út af ber. Í undantekningartilfellum gengur foreldrum illa með samskipti vegna persónulegra vandamála.

Stjórn félagsins treystir á að geta talað áfram á málefnalegum nótum við fulltrúa löggjafans í þeim tilgangi að ná fram réttarbótum fyrir börn og foreldra þeirra í samræmi við Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem varða foreldrajafrétti.

4. júní 2019

Stjórn Félags um foreldrajafrétti